

Gos í Eyjafjallajökli - staða 28. apríl 2010 kl. 17.

Minnisblað frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans

Unnið af: *MJR / SSJ / MTG / FS / SRG / GS / KH*

Staða byggð á:

- Jarðskjálftamælum
- Vatnsrennsli í Markarfljót
- GPS mælum
- Vefmyndavélum frá Vodafone, Milu og Múlakoti
- Veðurradar
- Athuganir jarðfræðinga á Eyjafjallajökli vestur af gosstað (ekkert flug í dag)

Gosmökkur:

Stefna: Vestnorðvestur frá gosstöðinni.

Hæð: Skýjahæð er í um 4 km og mökkurinn sést ekki þar fyrir ofan.

Litur: Litlar upplýsingar, en það sem sést er ljós gufa, að öllum líkindum frá hraunjaðrinum, en grátt yfir gígnum.

Gjósकुfall: Dálítið gjósकुfall á Hvolsvelli og nokkurt á jöklinum vestan gíganna. tíma í morgun.

Eldingar: Engar eldingar hafa mælst síðan 19. apríl.

Drunur: Drunur heyrast reglulega frá gosinu.

Bræðsluvatn:

Vatnsrennsli frá Gígjökli jókst mjög í dag en þá kom flóðgusa sem er sú stærsta síðan 16. apríl.

Vatnið í flóðinu var heitt og mældist vatnshitinn á sírita niðri við Markarfljótsbrú yfir 11°C.

Leiðnin í vatninu er lág sem er einnig breyting frá því sem var. Vatnamælingamenn frá Veðurstofunni eru við Markarfljótsbrú og taka sýni af vatninu og mæla rennslið. Leiðni er mjög há í Krossá og var um 300 µS/cm í gær. Leiðni hefur einnig verið að hækka í Steinsholtsá og er nú yfir 170 µS/cm sem er óvenjulega há leiðni nema jarðhitavatn sé á vatnssviði árinna.

Öskufall eða öskumengaður snjór sem gæti hugsanlega verið ástæða hárrar leiðni í Steinsholtsá og hraunið á Fimmvörðuhálsi gæti einnig haft áhrif á leiðni í Krossá.

Aðstæður á gosstað:

Gosvirkni er svipuð og verið hefur undanfarna daga. Hraun leitar nú norður á bóginn niður Gígjökul.

Gosórói:

Svipaður og undanfarna daga.

Jarðskjálftar:

Einn skjálfti að stærð M_1 1,5 mældist grunnt undir toppgígnum kl. 03:36 í nótt. Klukkan 15:28 mældist jarðskjálfti á um 6 km dýpi undir norðanverðri Kötluöskjunni að stærð M_1 1,7.

GPS-aflögun:

Lítil hreyfing inn að miðju fjallsins.

Kvikflæði:

Engar athuganir í dag, en talið að heildarflæði sé svipað og undanfarna daga.

Aðrar athugasemdir:

Það stafar hættu af ósýnilegum gastegundum fyrir framan Gígjökul innan jökulgarðanna. Helstu gastegundirnar eru CO_2 og líklega SO_2 . Þær eru þyngri en andrúmsloft. Styrkur þeirra er því mestur rétt ofan árinna og mestur í logni. Engin merki um breytingar undir Kötlu.

Heildarmat:

Kvikustreymi og gosmökkur hefur verið með svipuðum hætti og undanfarna sólarhringa og hraun heldur áfram að renna til norðurs í upptökum Gígjökuls. Af gufu sem leggur upp af Gígjökli má ráða að hraunið sé komið í hallann til norðurs. Ekki sjást merki um að gosi sé að ljúka.